

Nefndir og ráð Reykjavíkurborgar

Notkun fjarfundabúnaðar á fundum nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.

Ísáð er til bréfs skrifstofu borgarstjórnar vegna sama efnis dags. 28. júní sl. Í bréfinu kom fram að kjörnum fulltrúum verði ekki heimilt að taka sæti á fundum nefnda og ráða með rafrænum hætti eftir 22. júlí sl. enda var ekki gert ráð fyrir því að tímabundnar heimildir til að víkja frá ákvæðum sveitarstjórnarlaga yrðu framlengdar í ljósi þess að fallið hafði verið frá samkomutakmörkunum vegna COVID-19

Þann 25. júlí sl. tóku gildi nýjar samkomutakmarkanir vegna COVID-19 sem gilda til og með 13. ágúst nk. Í ljósi þess var birt ný auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga þann 27. júlí sl. Þar er sveitarfélögum enn á ný heimilað að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins, án þess að mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins og gildir sú heimild til 1. október nk. Er gert ráð fyrir því að borgarráð samþykki nýja tillögu um að heimilt verði að nota fjarfundabúnað á fundum ráða og nefnda Reykjavíkurborgar á fundi sínum 12. ágúst nk.

Ennþá er stefnt að því að forsætisnefnd fjalli um mögulegar breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar m.a. vegna notkunar á fjarfundabúnaði á fundum sínum í ágúst nk. Unnt verður að afgreiða mögulegar breytingar á samþykktinni á vettvangi borgarstjórnar, í tveimur umræðum, á reglulegum fundum borgarstjórnar í september.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Auglýsing nr. 894/2021 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga.